



Pegasus ehf kt 4302922939, Sóltúni 24, 105 Reykjavík.

Heil og sæl

Meðfylgjandi eru upplýsingar um lokanir og annað í tengslum við tókur á nýrri þáttaröð Fortitude á vegum Pegasus.

Neðangreindar dagsetningar og lokanir eru birtar með fyrirvara um að veður og vindar verði okkur hagstæðir fyrir tókur.

2. febrúar. Þriðjudagur frá kl. 08:00-20:00. Reyðarfjörður.

Tökur hefjast við **Búðarmel 12c**, Reyðarfirði, síðar þennan dag verða svo tókur fyrir framan **N1** og fram eftir degi.

Lokun verður á: Bílaplani **Molans** vestan megin, **Strandgötu** og **Búðargötu**.
Tímabundnar vegalokanir verða á **Ægisdötu**.

3. febrúar. Miðvikudagur. Frá kl. 09:00-21:00. Seyðisfjarðarvegur, Fjarðarheiði (93).

Tökur verða á tveimur stöðum á **Fjarðarheiði**, við **Rafstöðvahús Isavia** svo og á veginum sem liggur upp að **Gagnheiði**. Tímabundnar vegalokanir verða á vegi yfir Fjarðarheiði.

4. febrúar. Fimmtudagur. Frá kl. 09:00-21:00. Fagradalur, Norðfjarðarvegur (92).

Sett verða upp fimm tjöld í landi Flata, og öll kvikmyndataka fer þar fram. Á meðan á tókum stendur verður tímabundin lokun á umferð til að draga úr hljóðmengun frá umferð. Eftir það hefjast tókur neðar í Fagradal, þar verður mynduð bifreið á við akstur niður Fagradal. Einnig verða tókur við hlíðar Grænafellis.

Tímabundnar vegalokanir verða á veginum í Fagradal og á veginum að gönguleiðum Grænafellis.

5. febrúar. Föstudagur. Frá kl. 09:30-20:30. Reyðarfjörður.

Loka þarf fyrir alla umferð á afmörkuðum stöðum í bænum, settar verða upp merkingar um hjáleiðir. **Austurgata** við **Heiðarveg**, **Sunnugerði**, neðri hluta **Melgerðis** og neðri hlutann á **Ásgerði**.

6. febrúar. Laugardagur. Frá kl. 09:00-21:00. Reyðarfjörður.

Stekkarholt 4 og **Melbrekka 5**, tókur við húsin. Bílum verður lagt í götunni eða á þeim stöðum sem ekki hefta umferð.

Þetta eru þröngar aðstæður og gætu haft truflandi áhrif á íbúa í hverfinu.

8. febrúar. Mánudagur frá kl. 09:30-21:00. Seyðisfjörður.

Kvikmyndataka fer fram á bílaplani félagsheimilis Seyðisfjarðar fyrri hluta dags. Tímabundnar vegalokanir verða á Hafnargötu.

10., 11. og 12. febrúar (Mið, Fim, Fös). Frá kl. 09:30-21:00. Eskifjörður.

Norðfjarðarvegur upp frá Eskifirði rétt fyrir neðan **Oddskað**. Þar verður annar veghelmingur notaður til að koma kyrrstæðum bílum fyrir. Tímabundnar vegalokanir verða á meðan á tókum stendur en reynt verður að hleypa umferð í gegn eftir aðstæðum og umferð.

14. febrúar. Sunnudagur frá kl. 08:30-20:30. Eskifjörður.

Strandgatan fyrir framan Samkaup verður lokað. Hjáleik fyrir minni bíla verður í gegnum **Lambeyrarbraut**.

15. febrúar. Mánudagur frá kl. 09:30-20:30. Reyðarfjörður.

Heiðarvegur verður lokaður upp að **Hjallaveg**. Myndataka fer fram við leikskólann **Lyngholt** og **Grunnskólann**.

Tökur við **Stekkjahlótt 27**, reynt verður eftir fremsta megni að koma bílum þannig fyrir að þeir hefti ekki umferð.

Þetta eru þröngar aðstæður sem gætu haft truflandi áhrif gagnvart íbúum í hverfinu.

17. febrúar. Miðvikudagur frá kl. 09:30-20:30. Reyðarfjörður

Tökur við **Strandgötu 7**, loka þarf **Strandgötu** ásamt bílaplani við **Molann**.

Tökur verða einnig við **Austurvegur 24, Valhöll**. Lokað verður fyrir um ferð á **Austurvegi**, í **Melgerði** og **Ásgerði**. Óskað verður eftir því að íbúar takmarki lýsingu og slökkvi á útiljósum.

Aðrar tilkynningar:

2. febrúar. Þriðjudagur frá kl. 16:30-20:00. Reyðarfjörður.

Vegna sérstakra aðstæðna við tökur þennan dag, eru íbúar beðnir um að hafa slökkt á útiljósum og jólaseríum frá kl. 16:30 til 20:00. Á það einkum við byggðina ofan við og í næsta nágrenni við Molann.

13. febrúar. Laugardagur.

Samkaup verður lokað.

17. febrúar. Reyðarfjörður

Allt hverfið við Valhöll á Austurvegi 24, kl 17:00. Slökkva þarf á öllum ljósum í nágrenninu.